

VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI
PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK
SÍMI 91-621811

Rannsóknir á fiskstofnum Blöndu 1986

Sigurður Guðjónsson maí 1987

Veiðimálastofnun VMSTR/87012

Formáli

Við þessar rannsóknir hafa auk höfundar eftirtaldir unnið við gagnavinnslu og úrvinnslu;

Friðjón Már Viðarsson

Guðni Guðbergsson

Heimir Barðason

Ævar Þorsteinsson

Halldór Mariússon

Bjarni Ingólfsson

Jósef Sigvaldason

Auk þessara hafa fleiri lagt rannsóknunum lið á einn eða annan hátt.

INNGANGUR

Hér verður greint frá hluta rannsókna á fiskstofnum í vatnakerfi Blöndu sumarið 1986. Þetta er framvinduskýrsla því rannsóknir halda áfram. Rannsóknir með þessu sniði hófust árið 1982.

Rannsóknirnar eru tvískiptar. Annars vegar eru rannsóknir á seiðaástandi og uppeldisskilyrðum fisks í vatnakerfinu, sem gert verður grein fyrir í sérstakri skýrslu. Hins vegar er um að ræða stofnstærðarmælingar á göngufiskstofnum og fari þeirra um vatnakerfið og utan þess.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir hluta rannsóknanna á göngufiski sumarið 1986 í prófritgerð Friðjóns Más Viðarssonar við Líffræðiskor Háskóla Íslands 1987, "Sjóbleikjurannsóknir í Blöndu A-Húnavatnssýslu".

Áður hafa verið birtar framvinduskýrslur eftir rannsóknir hvers ár. Þær síðustu komu út á síðasta ári (Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1986, Sigurður Guðjónsson 1986 a).

Staðhættum hefur áður verið ágætlega lýst í fyrri skýrslum (Mynd 1) og er vísað til þeirra um frekari lýsingar.

FRAMKVÆMD

Talning á fiski í Blöndu fór fram með líku sniði og undanfarin ár (Þórólfur Antonsson 1982, 1984, 1985, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1986). Allur fiskur sem fer upp laxastiga í Blöndu við Ennisflúðir (2 km frá ós Blöndu) gengur í teljara. Teljarinn var að þessu sinni starfræktur frá 26. maí til 18. október. Vitjað var um teljarann fjórum sinnum á dag: Á morgnanna milli klukkan 7 og 8, í hádeginu milli klukkan 12 og 13, síðdegis milli klukkan 17 og 18 og síðla kvölds rétt fyrir myrkur milli klukkan 22 og 24. Vitjað

var um oftast ef fiskgengd var mikil. Í úrvinnslu gagna eru slíkar aukavitjanir sameinaðar næstu reglubundinni vitjun á eftir.

Í hverri vitjun var mældur vatnshiti og sjóndýpi (rýni), sem segir til um hve lituð áin er af völdum svifauris. Allur fiskur sem gekk í teljarann var greindur til tegunda og merktur hvítum tölusetnum plastmerkjum. Lax var ennfremur kyngreindur og lengdarmældur. Hreistur var tekið af hluta laxgöngunnar og notað til aldurgreiningar. Veiðiuggaklipptur lax var tekinn frá. Til að fá merki úr þeim laxi var honum slátrað eða hann sendur í klak til Hólalax og merki tekin úr að lokinni kreistingu.

Lax veiddur í Blöndu neðan flúða var skráður í veiðibók af veiðimönnum. Stuðst var við veiðibækur þessar til að áætla heildargöngu lax í Blöndu, svo og hlutfall kynja og hlutfall smálax (1 ár í sjó) og stórlax (2 ár í sjó). Hægar 4 kílógrömm og léttari og hrygnur 3.5 kílógrömm og léttari voru taldar hafa dvalið 1 ár í sjó. Þyngri fiskar voru taldir sem stórlax (2 ár í sjó). Lax eldri en 2 ára í sjó er sjalgæfur í Blöndu og er talinn með stórlaxi.

Talsvert af fiski gengur upp flúðirnar framhjá laxastiganum. Sá fjöldi var áætlaður útfrá hlutfalli ómerkts og merkts fisks í veiðinni ofan flúða.

Laxateljari var starfræktur í Svartá eins og sumarið 1985. Í ár var teljarinn starfræktur frá 21. júní til 4. október en þann dag varð teljarinn óstarfhæfur vegna kraps í ánni. Þann 24. júlí varð flóð í Svartá og varð teljari óstarfhæfur þangað til 27. júlí. Vitjað var um Svartárteljara 3 sinnum á dag; á morgnanna fyrir veiðitíma, í hvíldartíma eftir hádegi og eftir veiðitíma á kvöldinn. Skráð var fjöldi fiska í teljara og hlutfall merktra og ómerktra fiska og þeim hleypt upp ána. Einnig var mæld vatnshæð undir Svartárbrú.

Afli í Svartá var skráður af veiðimönnum í veiðibók. Þar var skráð þyngd og kyn fiskanna. Þær upplýsingar voru notaðar til að áætla kynjasamsetningu og hlutfall smálax og stórlax í laxgöngunni í Svartá. Veiðimenn skráðu einnig númer merkja á merktum fiski. Þær upplýsingar nýttust til að fá nánari upplýsingar um far fisksins og svo um göngu lax framhjá fiskteljara í Blöndu. Veiðimenn tóku einnig hreistur af hluta laxagöngunnar sem notað var til að fá upplýsingar um aldurssamsetningu Svartárlaxins.

Tilraunaveiði í Blöndudal með netum var stunduð frá bæjunum Eiðsstöðum og Bollastöðum. Veitt var frá því í júní og fram í september. Netaveiðimenn skráðu lengd veiddra fiska, merkisnúmer ef fiskur var merktur, tóku hreistur og einnig kvarnir af veiddri bleikju. Þessar

upplýsingar voru nýttar líkt og gögnin sem safnað var í Svartá.

Reynt var að veiða fullorðinn lax í heiðaánum seinni hlutann í júlí og í september.

NÍÐURSTÖÐUR

Blanda var yfirleitt mjög lituð allt sumarið 1986. Vatnshiti var nokkuð hár og stöðugur (Mynd 2). Meðalhiti yfir allt tímabilið var 8.1 °C og meðalrýni 38 sentimetrar.

Níuhundruðsjötíuogsjö (977) löxum var hleypt í gegnum teljarann sumarið 1986. Tveir laxar voru að koma í annað sinn, báðir merktir 1985. Auk þessa komu 62 örmerktir laxar í teljarann. Alls gengu því í teljarann 1041 lax sumarið 1986.

Sjöhundruðsextíuogfjórar (764) bleikjur gengu í teljarann sumarið 1986. Þar af voru 77 merktar frá fyrri árum, 74 voru merktar árið 1985 og 3 árið 1984.

Þrjátíuogfimm (35) urriðar gengu í teljarann sumarið 1986. Sjö þeirra voru merktir frá fyrri árum og höfðu sumir komið nokkrum sinnum í teljarann í gegnum tíðina. Einn urriði var merktur 1982, annar 1983 svo og einn 1984 og 4 voru merktir 1985.

Mestur hluti fisksins gekk að kvöldi og fékkst í tveimur seinni vitjunum (Tafla 1).

Tafla 1. Skipting fisks sem merktur var í Blönduteljara eftir vitjununum.

	Lax		Bleikja		Urriði	
Vitjun	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
7- 8	121	12.4	33	4.8	1	11.1
12-13	168	17.2	156	22.9	3	33.3
17-18	372	38.1	371	54.5	4	44.5
22-24	316	32.3	121	17.8	1	11.1
Samtals	977		681		9	

Rannsókn á sjóbleikju leiddi í ljós að bleikjan dvelur frá 2 til 6 ár áður en hún fer til sjávar. Kynþroska bleikja er yfirleitt búin að dvelja 2 sumur í sjó (Friðjón Már Viðarsson 1987).

Urriðar þeir sem rannsakaðir voru í Blöndu sumarið 1987 reyndust flestir vera sjógengnir. Þeir höfðu dvalið 4 til 6 ár í ferskvatni áður en þeir gengu til sjávar. Síðan höfðu þeir verið frá 1 til 3 sumur í sjó. Sumir höfðu hrygnt áður og nokkrir oftár en einu sinni, þ.e. þeir elstu. Þeir sem höfðu ekki gengið til sjávar voru yngstu fiskarnir 4 og 5 ára fiskar og ókynþroska.

Fyrsti laxinn kom 5.júní en mest kom af laxi um mánaðarmótin júlí-ágúst. Síðasti laxinn kom 17. október (Mynd 2). Bleikja kom fyrst 10. júní og síðasta seint í september. Mest kom af bleikju í ágúst. Urriði kom í ágúst og september.

Eins og fyrri ár bar nokkuð á því að fiskur merktur í sumar kæmi aftur í teljarann. Sá fiskur hefur farið niður flúðirnar.

Lax sem dvalið hefur 2 ár í sjó, stórlax, kemur að jafnaði fyrr en smálax (1 ár í sjó). Mikið var af bæði stórlaxi og smálaxi sumarið 1986. Hængar skila sér fremur eftir 1 ár í sjó og hrygnur eftir 2 ár í sjó (Tafla 2).

Tafla 2 Skipting laxa í teljara eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	Hængar-----		Hrygnur-----		Alls-----	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Smálax						
Fjöldi	534		104		632	64.8
% af smálaxi		84.5		15.5		
% af kyni		89.6		27.4		
Stórlax						
Fjöldi	62		275		343	35.2
% af stórlaxi		18.1		81.9		
% af kyni		10.4		72.6		
Samtals	596	61.1	379	38.9	975	

Í stangveiði neðan flúða veiddist fremur stórlax en smálax (Tafla 3).

Tafla 3. Skipting lax í stangveiði í Blöndu eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	Hængar-----		Hrygnur-----		Alls-----	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Smálax						
Fjöldi	587		296		883	48.7
% af smálaxi		66.5		43.5		
% af kyni		63.9		33.4		
Stórlax						
Fjöldi	332		590		925	51.3
% af stórlaxi		36.2		63.8		
% af kyni		36.1		66.6		
Samtals	919	50.1	886	49.9	1808	

Til að finna samsetningu stofnsins sem er önnur en birtist í teljara eða stangveiði neðan flúða er reiknað með að sá fiskur sem fer upp flúðirnar og þá framhjá teljara hafi sömu samsetningu af smálaxi og stórlaxi og sá fiskur sem kemur í teljarann. Rúm þrettán (13.6) % af þeim laxi sem veiddist í Blöndudal var ómerktur og í stangveiði í Svartá var 8.9% laxins ómerkt. Sá fiskur hefur farið upp flúðirnar framhjá teljara.

Til að fá kynjaskiptingu og hlutfall smálax og stórlax er farin sú leið að bæta 9.8 % (vegið meðaltal ómerktra fiska í veiði ofan flúða) við þann fjölda sem gekk í teljarann. Það gefur þann fjölda laxa sem gekk upp fyrir flúðir í Blöndu. Síðan bætist við fiskur stangveiddur neðan flúða. Þetta er meirihluti þess lax sem gekk í Blöndu og er kynjahlutfall og hlutfall smálax og stórlax í þessum hópi samanlagt nærri því sem að ætla má að hafi verið í heildargöngu lax í Blöndu 1986 (Tafla 4).

Tafla 4 Kynjasamsetning og hlutfall smálax og stórlax í Blöndu 1986.

	Hængar-----		Hrygnur-----		Alls-----	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Smálax						
Fjöldi	1173		410		1583	56.9
% af smálaxi		74.1		25.9		
% af kyni		74.6		31.5		
Stórlax						
Fjöldi	400		892		1292	43.1
% af stórlaxi		31.0		69.0		
% af kyni		25.4		68.5		
Samtals	1573	54.7	1302	45.3	2875	

Alls gengu 204 laxar í gegnum laxateljara í Svartá. Mestur hluti þeirra var merktur eða 91.5 %. Eins og fyrri ár gekk mest af fiski þegar tekur að dimma og var jafnan mest af fiski í morgunvitjun.

Vatnshæð var stöðug í Svartá sumarið 1986 ef undan er skilið flóð sem varð í júlí.

Í Svartá veiddust 388 laxar. Talsvert mikið var af smálaxi í veiðinni í Svartá (Tafla 5).

Tafla 5 Skipting lax í stangveiði í Svartá eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	Hengar-----		Hrygnur-----		Alls-----	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Smálax						
Fjöldi	188		53		241	48.7
% af smálaxi		78.0		22.0		
% af kyni		80.0		39.3		
Stórlax						
Fjöldi	47		82		92	51.3
% af stórlaxi		51.1		48.9		
% af kyni		20.0		60.7		
Samtals	235	63.5	135	36.5	370	

Í Blöndudal veiddust 83 laxar. Stór hluti þeirra var merktur eða 86.4%. Aflinn þar var svipaður og í Svartá hvað varðar hlutfall smálax og stórlax svo og kynjahlutföll (Tafla 6).

Tafla 6 Skipting lax í netaveiði í Blöndudal eftir dvalartíma í sjó og eftir kyni.

	Hængar-----		Hrygnur-----		Alls-----	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Smálax						
Fjöldi	53		7		60	75.9
% af smálaxi		88.3		11.7		
% af kyni		92.9		31.8		
Stórlax						
Fjöldi	4		15		19	24.1
% af stórlaxi		21.1		78.9		
% af kyni		7.1		68.2		
Samtals	57	72.2	22	27.8	79	

Fiskgengd í Blöndu sumarið 1986 var mikil og veiði einnig (Tafla 7).

Tafla 7 Fiskgengd og veiði í vatnakerfi Blöndu 1982-1986.

	1982	1983	1984	1985	1986
Aætlaður heildarlaxastofn*	1115	1001	971	2140	2881
Veitt í Blöndu að Svartá lax	854	503	522	766	1814
Teljari v/Ennisflúðir Lax	202	411	361	1103	1041
Bleikja	436	308	519	722	764
Urriði	13	13	23	14	35
Aætluð ganga um flúðir					
Fjöldi laxa	59	87	88	269	102
% laxa	29.2	21.2	25.0	24.4	9.8
Fjöldi bleikja	-	71	-	72	46
% bleikja	-	23.0	-	10.0	6.0
Veiddur lax í Blöndu o/Svartár	2	5	3	77	83
Veidd bleikja í Blöndu o/Svartár-		31	3	45	130
Svartárteljari lax	31	74	129	313	204
Veitt í Svartá lax	55	153	131	330	388
Veitt í Svartá o/teljara	28	85	81	125	178
Veiðialag í Svartá o/teljar %	-	-	62	40	-
Veiðialag í Blöndu n/flúðir %	77	50	54	36	63
Veiðialag af heildarstofni %	85	66	68	55	79

* Vantar þann lax sem hugsanlega gengur eftir að teljari er tekin upp og þann lax sem verður eftir neðan flúða.

Í netaveiði í heiðaanum, Seyðisá, Herjólfslæk, Haugakvísl og Galtará svo og Fossá veiddist enginn lax en silungur veiddist á öllum stöðum (Tafla 8).

Tafla 8. Veiði í heiðaánum og Fossá í tilraunanet
sumarið 1986.

A	Bleikja		Urriði	
	Lengd sm	Aldur	Lengd sm	Aldur
Seyðisá			27	9
Galtará	27	4	18	5
			38	10
Haugakvísl	42	5	36	9
	45	5	32	7
	37	5	30	7
			32	10
			29	7
			24	7
			30	8
			22	7
			31	8
			41	10
			38	7
			31	8
Herjólfslækur	17	3	29	9
	13	2	26	5
			29	8
			16	5
			54	17
Fossá	46	6		
	33	3		
	29	6		
	34	4		

Endurheimtur úr gönguseiðasleppingum (örmerktur lax) voru betri sumarið 1986 en áður hefur þekktst í Blöndu bæði úr sleppingu árið 1985 og 1984 (Tafla 9).

Tafla 9 Endurheimtur gönguseiða í Blöndu 1984-1986.

-----SLEPPING-----				-----ENDURHEIMTUR-----				
Sleppistaður	Ár	Stofn	Fjöldi sleppt merktu	Blanda				
				Ár	Endurheimta fjöldi %	Áætluð heildarheimta fjöldi %		
Blanda	1983	Kollafjörður	5001	1984	14 .3	35 .7		
--	--	--	--	1985	10 .2	15 .3		
Samtals áætluð endurheimta úr hóp					.5	50 1.0		
Svartá	1983	Kollafjörður	938	1984	3 .3	7 .8		
--	--	--	--	1985	1 .1	2 .2		
Samtals áætluð endurheimta úr hóp					.4	9 1.0		
Svartá	1983	Laxá á Ásum	2070	1984	3 .1	7 .4		
--	--	--	--	1985	1 .1	2 .1		
Samtals áætluð endurheimta úr hóp					.2	9 .5		
Blanda	1984	Blanda	2022	1985	8 .4	30 1.5		
--	--	--	--	1986	16 .8	49 2.4		
Samtals áætluð endurheimta úr hóp					1.2	81 3.9		
Svartá	1984	Blanda	2008	1985	8 .4	28 1.4		
--	--	--	--	1986	8 .4	25 1.2		
Samtals áætluð endurheimta úr hóp					.8	54 2.6		
Svartá	1985	Blanda	2513	1986	29 1.2	59 2.3		
--	--	--	--	1987				
Blanda	1985	Blanda	2511	1986	17 .7	35 1.4		
--	--	--	--	1987				

Í Blöndu hafa auk þess komið fiskar ættaðir úr eftirtöldum gönguseiðasleppingum;

Sleppistaður	Ár	Stofn	Fjöldi
Vatnsdalsá	1985	Vatnsdalsá	1
Húseyjarkvísl	1985	Húseyjarkvísl	1
Húseyjarkvísl	1984	Húseyjarkvísl	3
Breiðafjörður	1984	Kollafjörður	1
Héraðsvötn	1983	Kollafjörður	4
Fossá á Skaga	1983	Laxá á Ásum	1
Laxá ytri	1983	Kollafjörður	1

Fiskur úr gönguseiðasleppingum í Blöndu hefur m.a. endurheimst frá eftirtöldum stöðum;

Endurheimtustaður	Sleppistaður	Sleppiár	Stofn	Endurheimtuár	Fjöldi
Héraðsvötn	Blanda	1984	Blanda	1986	1
Laugadalsá	Blanda	1984	Blanda	1986	1
V-Grænland	Svartá	1985	Blanda	1986	1
Loddutangi/sjór	Blanda	1984	Blanda	1985	1
Höfðavatn	Blanda	1984	Blanda	1985	1
Höfðavatn	Svartá	1984	Blanda	1985	1
Gönguskarðsá	Blanda	1983	Kollafjörður	1985	1
Hofsá, Vopnafirði	Blanda	1983	Kollafjörður	1985	1
Húseyjarkvísl	Svartá	1983	Laxá á Ásum	1985	1

Hreistursöfnun tókst vel og gott úrtak af hreistri náðist sumarið 1986. Allörugg mynd fékkst því af aldursamsetningu laxins bæði í Svartá (Tafla 10) og í Blöndudal (Tafla 11) svo og í öllu vatnakerfinu (Tafla 12). Uppistaðan í laxgengd sumarið 1986 eru klakárgangar 1980 og 1981 (Tafla 13).

Tafla 10 Aldursamsetning lax í Svartá eftir hreisturlestri

Ar í sjó	I		II		III		Samtals	
	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Fjöldi	%
ferskvatni								
1 ár								
2 ár								
3 ár	18	1	3	15			37	30.6
4 ár	41	8	5	26			80	66.1
5 ár	3	1					4	3.3
Samtals	62	10	8	41			121	
%	59.5		40.5					

Tafla 11 Aldursamsetning lax í Blöndudal eftir hreisturlestri

Ar í sjó	I		II		III		Samtals	
	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Fjöldi	%
ferskvatni								
1 ár								
2 ár								
3 ár	28	2	1	6			37	56.1
4 ár	21	2		4	1		28	42.4
5 ár	1						1	1.5
Samtals	50	4	1	10	1		66	
%	82.5		16.0		1.5			

Tafla 12 Aldursamsetning lax í vatnakerfi Blöndu eftir hreisturlestri

Ar í sjó	I		II		III		Samtals	
	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Fjöldi	%
ferskvatni								
1 ár								
2 ár								
3 ár	78	11	14	51	1		155	35.6
4 ár	116	28	23	98	1		266	61.0
5 ár	11	4					15	3.4
Samtals	205	43	37	149	2		436	
%	56.9		42.7		0.5			

Tafla 13 Styrkur einstakra klakárganga í aldursgreindum laxi í Blöndu 1986.

Hrygning ár	Klak ár	Fjöldi	%
1978	1979	1	0.2
1979	1980	137	31.4
1980	1981	209	47.9
1981	1982	89	20.5

UMRÆÐUR

Fiskgengd í Blöndu sumarið 1986 var meiri en árin áður og sú mesta síðan rannsóknir hófust 1982 (Tafla 7). Veiðin skiptist misjafnt milli Blöndu og Svartár þannig að meiri hlutinn veiddist í Blöndu (Mynd 3). Kom það til vegna þess hve Blanda var stöðugt lituð í sumar og þar af leiðandi torfær fiski. Við slík skilyrði safnast fiskur neðan flúða og veiði þar verður góð. Þetta þýðir að minna gengur að fiski í Svartá. Framan af sumri gekk lítið af fiski og orsakar það einnig að meira veiddist af stórlaxi neðan flúða. Veiðiaðferðir þær sem eru notaðar neðan flúða orsaka það einnig að stórlax er fremur veiddur (Tafla 3). Þetta þýðir að lítið af stórlaxi gekk upp fyrir flúðir (Tafla 2). Veiðin ofan flúða í Svartá (Tafla 5) og í Blöndudal (Tafla 6) er því meira smálax en ella væri.

Övenju lágt hlutfall af fiski fór upp flúðir framhjá teljara 1986. Kemur það til vegna þess hve Blanda var vatnsmikil og lituð, svo og vegna þess að vatnsrennsli á laxastiga var stjórnað allt sumarið 1986, en slík stjórnun hófst seinni part sumars 1985. Þetta gerir það að verkum að fiskur á auðveldara með að fara upp stiga. Lægra hlutfall

fiska í Svartá var ómerkt en í Blöndudal sem gæti bent til að Svartárfiskur færi fremur upp stiga og þar af leiðandi síður upp flúðir en lax af heiðunum. Þó þurfa að vera til gögn frá fleiri árum til að hægt sé að fullyrða um það.

Sumarið 1986 var teljari í Blöndu starfræktur lengur en fyrri ár. Var það gert til að fá nákvæma vitneskju um hversu lengi fiskur væri að ganga. Í ljós kom að fiskur kemur ekki fyrr en í byrjun júní en þá hefur teljari verið settur niður í gegnum árin. Byrjun göngunnar hefur því að öllum líkindum alltaf náðst. Hins vegar er lax að ganga lengi fram eftir hausti. Það er þó lágt hlutfall sem að gekk eftir miðjan september eða alls 19 laxar, sem eru tæp 2% af því sem gekk upp stiga allt sumarið. Þetta þýðir að heildarlaxgengd í Blöndu í gegnum tíðina hefur í sumum tilfellum verið vanreiknuð sem þessu nemur.

Teljara í Svartá var ekki hægt að starfrækja nægilega lengi fram á haustið fremur en fyrri ár. Einnig varð hann óstarfhæfur í júlí í flóði en einmitt þegar Svartá litast þá gengur lax helst upp ána. Þetta er mjög bagalegt þegar áætla á hlutdeild Svartár af heildarlaxgöngunni. Þau 5 ár sem að teljari hefur verið starfræktur hefur hann einungis verið starfræktur 2 sumur án truflana. Þau ár má nota til að geta í eyðurnar og einnig til að áætla hlutdeild Svartár. Hins vegar er vafasamt að starfrækja teljarann áfram með þessu sniði. Betri aðferð er að starfrækja teljara í styttri tíma t. d. tvisvar sinnum 3 vikur yfir sumarið. Sá fiskur sem að kæmi á þeim tíma í teljara yrði merktur sérstaklega eða lesið

á þau merki sem að þegar væru í fiskinum. Hlutfall þess fisk sem þekktur væri úr teljara í stangveiði væri síðan reiknað og notað til að áætla heildargöngu í Svartá. Það er ekki nauðsynlegt að setja teljara niður sumarið 1987, en rétt að nota tímann til að breyta teljara svo að hægt sé að nota hann á þann hátt sem lýst var árið 1988 eða 1989.

Aldursdreifing laxins sýnir að 1981 klakárgangurinn var uppistaðan í laxgengdinni 1986 ásamt 1980 klakárganginum (Tafla 13). Það kemur ekki á óvart því þessir árgangar hafa mælst sterkir í seiðakönnunum (Sigurður Guðjónsson 1986).

Svo virðist sem að laxinn í Blöndudal sé að jafnaði yngri en Svartárlaxinn (Tafla 10 og Tafla 11). Svo virtist þó ekki vera árið 1985 (Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1986).

Lax veiddist ekki í heiðánum þrátt fyrir reynt væri að veiða líkt og 1985. Það sannar þó ekki að lax hafi ekki gengið í árnar heldur sýnir að erfitt getur reynst að vera nákvæmlega á þeim tíma á veiðum sem laxinn er á ferðinni. Það ætti hins vegar að sýna sig í rafveiði á seiðum á komandi árum hvort hrygning hefur átt sér þar stað. Silungsveiði í þessum ám (Tafla 8) staðfestir enn á ný tilvist fiskfánu þeirrar sem er þar í ánum.

Ljóst er að sjóbirtingur fyrirfinnst í litlum mæli í vatnakerfinu. Einnig hefur sjóbleikjan fengið allnána rannsókn (Friðjón Már Viðarsson 1987).

Endurheimtur úr gönguseiðasleppingum á laxi (Tafla 9) hafa aukist verulega frá því sem var. Líklegt er að þar hjálpist að nokkrir þættir. Nú er notaður stofn úr ánni sjálfri sem hlýtur aðvera sá sem að hentar best. Betri meðferð og gæði á seiðum gæti eins hjálpað til. Einnig hafa skilyrði í sjónum verið betri síðan 1984 en árin þar á undan. Stangveiðimenn eru ennþá slakir í að skila örmerkjum þrátt fyrir mikla hvatningu og styðjast verður við þann merкта fisk sem kemur í teljara til að meta heildarendurheimtur. Rétt er að áfram sé fylgst náið með þessum sleppingum.

Vorið 1986 var spáð fyrir laxgengd í Blöndu sumarið 1986 (Sigurður Guðjónsson 1986b). Spáð var milli 1600 og 2000 smálöxum. Alls komu 1583 smálaxar fram í veiði neðan flúða og sá fjöldi sem fór upp flúðir (Tafla 4). Spáð var 1500 stórlaxa en fram komu 1292 stórlaxar (Tafla 4). Hér munar ekki miklu og munur er sennilega heldur minni því skráning veiði í Blöndu mætti vera betri. Greinilegt er að hægt er að spá fyrir laxgengd með þó nokkuð mikilli vissu. Því er að reynt enn á ný. Sumarið 1987 má búast við um 1400 stórlöxum í vatnakerfi Blöndu. Þessi spá byggir á því að gönguseiði sem fara út í sjó sama ár koma í ákveðnu hlutfalli sem smálax ári síðar og stórlax 2 árum síðar. Með því að líta á fjölda smálaxa árið áður en árið sem spáð er fyrir er hægt að segja til um fjölda stórlaxa. Til að finna þetta

samband í Blöndu voru notaðar veiðiskýrslur bæði úr Blöndu og Svartá fyrir árin 1974 til 1986. Erfiðara er að spá fyrir um smálax. Slík spá byggir á þeim fjölda gönguseiða sem fóru út vorið ári fyrr en árið sem spáð er fyrir. Einnig skiptir máli hversu vel gönguseiðunum reiðir af en fyrsti mánuðurinn í sjó er mest afgerandi. Ætla má að mun minna af seiðum hafi gengið til sjávar vorið 1986 en síðustu 2 árin þar á undan. Kemur það til vegna lélegri seiðaárganga (Sigurður Guðjónsson 1986). Ut frá styrkleika þeirra árganga sem fóru til sjávar 1986 er því spáð að smálaxar verði mun færri 1987, sennilega á milli 500 og 800. Það skal skýrt tekið fram að hér um spá á laxgengd að ræða en ekki veiði. Samkvæmt þessari spá ætti veiði 1987 hins vegar að geta orðið vel í meðallagi.

Heimildir

Friðjón Már Viðarsson 1987. Sjóbleikjurannsóknir í Blöndu, Austur-Húnavatnssýslu. Háskóli Íslands. Líffræðiskor. 5 eininga rannsókarverkefni 32. bls

Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1986. Rannsóknir á fiskistofnum Blöndu 1985. Veiðimálastofnun. Skýrsla VMSTR/86008. 40 bls.


Sigurður Guðjónsson 1986 a. Seiðakönnun í vatnakerfi Blöndu 1985 auk yfirlits um fyrri kannanir. Veiðimálastofnun. Skýrsla VMSTR/86018. 23 bls.

Sigurður Guðjónsson 1986 b. Horfur á laxgengd í Blöndu sumarið 1986. Veiðimálastofnun. Skýrsla VMSTR/86012. 5 bls.


Þórólfur Antonsson 1982. Rannsóknir á fiskistofnun Blöndu 1982. Veiðimálastofnun. Skýrsla 32 bls.

Þórólfur Antonsson 1984. Rannsóknir á fiskistofnun Blöndu 1983. Veiðimálastofnun. Skýrsla 37 bls.


Þórólfur Antonsson 1985. Rannsóknir á fiskistofnun Blöndu 1984. Veiðimálastofnun. Skýrsla 31 bls.




Mynd 1. Yfirlitsmynd af vatnakerfi Blöndu.



Mynd 2. Mælingar á a) vatnshita b) sjóndýpi c) laxgöngu í Blöndu við Ennisflúðir sumarið 1986.



Mynd 3. Lengdardreifing laxa sem gengu í Blönduteljara sumarið 1986 skipt eftir kynjum. Hægar styttri en 74 cm taldir sem eins árs úr sjó, lengri hængar tveggja ára úr sjó. Hrygnum skipt eins við 70 cm



Mynd 4. Heildarlaxveiði á stöng í Svartá •••, Blöndu —, og í öllu vatnakerfi Blöndu --- árin 1959-1986.